

Dagskrá Iðunnar haustið 2018

Kvæðamannafélagið Iðunn verður að venju með starfsemi sína í Menningarhúsinu Gerðubergi, þ.e. kvæðalagaæfingar á miðvikudagskvöldum og fundi á föstudagskvöldum. Vakin er athygli á að í nóvember færirst kvæðalagaæfingin yfir á laugardag kl. 14:00 en hún er fyrir börn og þá sem hafa gaman af að kveða og syngja með börnum. Hún verður í Háholti, neðstu hæð til hægri.

Félagið ætlar að brydda upp á nýjungum í vetur og hefja söngvökur á þriðjudagskvöldum einu sinni í mánuði, sem verða undir stjórn Chris Fosters, formanns Þjóðlaganefndar, og Linusar Orra Gunnarssonar Cederborg og verða þær til húsa í Andrými á Bergþórugötu 20. Þar verða sungin og kennd ýmis þjóðlög t.d. tvísöngvar.

Einnig ætlar Iðunn að hefja samstarf við Reykjavík – „trad session“ en þau eru með þjóðlagasamspil vikulega á fimmtudagskvöldum á Kaffihúsinu Stofunni, í kjallaranum, en það er til húsa á Vesturgötunni rétt ofan við hornið á Aðalstræti, þar sem „Fríða frænka“ var. Við stefnum að því að nokkrir Iðunnarfélagar komi fram með kveðskap og tvísöng einu sinni í mánuði. Fólki er þó líka velkomið að koma fram á öllum öðrum fimmtudagskvöldum.

Félagar eru hvattir til að taka þátt í starfsemi Iðunnar og taka með sér gesti.

Á þessari haustönn verða dagsetningar á fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum, söngvökum og þjóðlagasamspili með kveðskap, á þessa leið:

Kvæðalagaæfingar – Gerðuberg

miðv. 3. okt. kl. 19:00

laug. 10. nóv. kl. 14:00–15:30

miðv. 5. des. kl. 19:00

Fundir – Gerðuberg

föst. 5. okt. kl. 20:00

föst. 9. nóv. kl. 20:00

föst. 7. des. kl. 20:00

Söngvaka – Andrými

þriðj. 16. okt. kl. 19:00

þriðj. 13. nóv. kl. 19:00

þriðj. 11. des. kl. 19:00

Þjóðlagasamspil með kveðskap – Stofan

fimmt. 18. okt. kl. 20:00

fimmt. 15. nóv. kl. 20:00

fimmt. 13. des. kl. 20:00



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

131. tölublað – 39. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Ágúst 2018

Ábm: Bára Grímsdóttir

Haustferð Iðunnar laugardag 1. september

Haustferðin verður að þessu sinni farin á Hvolsvöll og Njáluslóðir. Lagt verður af stað frá **BSÍ kl. 9** að morgni og ekið sem leið liggur austur á Hvolsvöll. Við munum heimsækja Sögusetrið þar sem er einstök Njálusýning, kaupfélagssafn, líkan af Þingvöllum árið 1000 og Njálurefillinn sem verið er að sauma. Þar verður einnig boðið upp á súpu og brauð í hádeginu. Eftir hádegismatinn verður haldið í tveggja tíma ferð um Njáluslóðir undir leiðsögn hins Njálufróða Lárusar Ágústs Bragasonar. Við komuna aftur til Hvolsvallar verður Eldfjallamiðstöðin LAVA heimsótt. Þar er hægt að fá sér kaffi, en fólk getur líka valið að hafa með sér nesti. Eftir þá heimsókn verður haldið af stað í vesturátt og kvöldverður snæddur í Tryggvaskála á Sel-fossi. Þar vonumst við til að hitta vini okkar úr Árgala og kveða með þeim.

Fyrir kjötætur verður lambahryggvöðvi og lambarillette, gulrótarmauk, hægeldað rötargrænmeti, rósmarín „pomme Anna“, gremolata og kryddjurtagljái í matinn, en brasseraður fennell og kinóa, sítrus confit, fennel mauk, grillað grænkál, gulrætur og möndlukrem fyrir grænkeru, og súkkulaðimús, pistasíús, ristaðar kókosflögur og jarðarber í eftirmat fyrir alla. Áætluð heimkoma er kl. 21.

Verð fyrir Iðunnarfélaga er **12.000 kr.** og er þar innifalin rútuferð, hádegis- og kvöldmatur aðgangseyrir og leiðsögn.

Þátttaka tilkynnist Guðna Sig. Óskarssyni á netfangið **gudnisigosk@gmail.com** fyrir **mánudaginn 27. ágúst**.

BRENNU-NJÁLS RÍMUR

Fyrsta ríma

1. Æska mín var eyndarlíf,
yfir því mig svekki.
Tíðum vildi ég tæla víf
en tókst það bara ekki.

∞

2. Nú skal segja nokkuð frá
Njáli á Bergþórshvoli.
Sveppum var hann aldrei á
og enginn drykkjusvoli.

3. Yfirleitt hann inni sat í
einhver plögg að rýna
og bærilega barnað gat
Beggu spúsu sína.

4. Svípljót, feit og sundurtætt
sýndist öllum frúin.
Fyrstu rímu hér skal hætt,
hún er loksins búin.

Önnur ríma

1. Enginn skyldi eiga meir en
eina konu,
ætti ég fleiri en eina vinu
yrðu þær að mæta linu.

∞

2. Njáll fann handa sonum
sínnum svaka skutlur.
Æ, þeir voru eyndar títlur,
einnig genetískar skryttilur.

3. Grímur, Helgi og Héðinn
vildu heima vera,
milli pabba og mömmu kúra,
því máttu frúrnar einar lúra.

4. Léku sér að leggjum eins og
litlir krakkar,
óttalega heimskir hnokkar.
Hlé skal gert á rímu okkar.

Þriðja ríma

1. Komin eru haustsins hret
hart mig leikur dagsins strit.
Ekki farið út ég get,
einn við landabrusann sit.

∞

2. Njáll sér átti vænan vin,
vaskan Gunnar, mjög á skjön
Hann kom oft með harða sin
að hitta Njál og fjýla grön.

3. Fólkið víða fyrirleit
frama Njáls og allt hans strit.
Þegar hann á hóla skeit
héldu allir fyrir vit.

4. Kappinn, Svínafelli frá,
Flosi skúrka að sér dró.
Vinna Njáli vildi á.
Við skulum hvíla okkur þó.

Fjórdða ríma

1. Ég vil kyssa fljóðin flest
og flöskustúta
þótt mér reyndar þyki best
að þukla hrúta.

∞

2. Flosi kom að kveldi til
að kveikja í Njáli,
gerði stafna, þök og þil
öll þar að báli.

3. Flosi af klikkun fékk þá snert
og flokkur peyja.
Njáll gat ekki nokkuð gert
þar nema deyja.

4. Svo af Njáli síðar meir
var saminn róman.
Hér ég geri hlé á leir
með hausinn tóman.

Fimmta ríma

1. Sleikti sól og sat á bekk
í sumarkjól ein mærin þekk,
þangað fólið greitt ég gekk,
grænar bólur hún þá fékk.

∞

2. Flosi blauður syrgir síst,
með sínum kauðum heim nú býst.
Laus úr nauðum Njáll er víst
og nokkuð dauður að þeim líst.

3. Þó að lyki lífi hér,
laus við svikin unír sér,
kolaryk í eilífð er,
ekki mikinn Njáll þar fer.

4. Rímnaversum enginn ann,
eða gersamlega kann,
fúl og hversdags flest með sann
fara þversum oní mann.

Jón Ingvar Jónsson

Ef nýta viljum, nóg má sjá
náttúrunnar undur,
met er hvernig mjóstu strá
mylja vindinn sundur.

Sigrún Haraldsdóttir

Haust

Haust – og vindar hastir,
hokin tré í roki,
regn í miklu magni,
myrkur eflir styrkinn.
Fellur snjór í fjöllum,
flatir litum glata.
Gestir þeir er gistu
gjarnan eru farnir.

Haust – og húmið sest að,
húsljós skert með kertum.
Á stjörnur aftur stirnir
ei stansi ljósadansinn.
Blóðrauð skreyta blöðin,
börðin litar jörðin.
Mild þá gefur moldin
margvíslegar bjargar.

Sigurlín Hermannsdóttir

Allt er lífið yndislegt
engin þörf að kvarta.
Að heimta sól er soldið frekt
sumardaga bjarta.

Höskuldur Búi

Blessuð sólin elskar allt
ofar skýjum daglega
en regnið skúrar skerið kalt
skelfilega faglega.

HelgiZ

Veðurfarsins vísur tjá
von sem enn má finna
en heiðríkjuna helst má sjá
í hjörtum barna þinna.

Gunnar Straumland